

Nd.

436. Frumvarp til laga

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Flutningsm.: Pétur Halldórsson.

1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds.

2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sóknanna, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi safnaðar.

3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hvernar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipting er löglega ákveðin, hluta af fé því, er ríkið leggur árlega til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð, og skiptist jafnt milli nýju sóknanna.

4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera 4 prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns.

5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestsseturshús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Heimilt skal mönnum eftir skiptingu Reykjavíkurstakalls í 6 sóknir að taka prestsþjónustu hjá öðrum presti en sóknarpresti sínum innan takmarka hins núverandi prestakalls, án þess að fara þurfi eftir lögum nr. 9 2. maí 1882, um leysing sóknarbands.

7. gr.

Ákvæði 4. gr. í lögum þessum, um að á einn sóknarprest skuli koma um 5000 manns, skal einnig gilda um aðra kaupstaði landsins, og skal fjölga þar prestum eftir þessum reglum.

8. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurstakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Dómkirkjan, einasta kirkja þjóðkirkjusafnaðar Reykjavíkur, er „landsjóðskirkja“, þ. e. eign ríkisins. Fylgja þar sem annarsstaðar, þar sem líkt stendur á, þau réttindi, að kirkjueiganda bera allar sóknartekjur kirkjunnar, en jafnframt hvílir sú skylda á kirkjueiganda, að hann sjái um kirkju, eða eins og hér er ástatt, kirkjur, er fullnægi söfnuðinum til guðsþjónustuhalds. — Undan þessari skyldu vill 1. gr. frv. þessa leysa ríkið fyrir fullt og allt með nefndu 30 ára árgjaldi.

Um 2. gr.

Eitt af mörgu, sem gerir sóknarskiptingu í Reykjavík mjög aðkallandi, er hinn öri vöxtur bæjarins, svo að búast má við, ef ekkert er að gert, að þau kirkjustæði, sem hentugust mega teljast, verði tekin undir aðrar byggingar.

Um 3. gr.

Með sóknarskiptingu er greitt fyrir því, að áhugamenn geti beitt sér við fjársöfnun til kirkjubyggingar, hver á sínu afmarkaða svæði. Enda er þá forustan að sjálfsögðu komin í hendur sóknarnefnda hverrar sóknar.

Um 4. gr.

Ef dómkirkjusókn næði yfir Vikina, Tjarnarbrekku, Þingholt, Arnarhól, Laufás, Ásgarð og Sólvelli, væru þar nú búsettir um 10 þús. þjóðkirkjumenn, og væri því hæfilegt prestakall með 2 prestum, samkvæmt frv. þessu.

Ef Hallgrimskirkja yrði byggð á Skólavörðuhæð, væri Skuggahverfi, Austurhlíð, Tungan, Suðurhlíð hæfilegt prestakall fyrir 2 presta með um 8 þús. Þjóðkirkjumenn nú búsetta á þessu svæði.

Þá er í Vesturbænum þörf á nýrri sókn, er yrði prestakall út af fyrir sig og heita mætti Nesprestakall. Þar eru búsettir um 4 þús. Þjóðkirkjumenn á svæðinu: Ægissíða, Bræðraborg, Selland, Eiði, Kaplaskjól, Seltjarnarnes. Er það hæfilegur fólksfjöldi fyrir 1 prest til að byrja með.

Þá eru þrjú svæði eftir, er hvert ættu að verða sókn út af fyrir sig: Grímsstaðaholt, Skildinganes, Bráðræðisholt, Melarnir, með nálægt 1500 manns. Öskjuhlíð, Fossvogur, Sogin, Kringlumýri, Ártún, Breiðholt, með nálægt 600 manns. Ennfremur: Laugarnar, Sundin og Rauðarárholt, með nálægt 1400 manns. Gætu allar þessar sóknir verið eitt prestakall, en nytu þó hver um sig fyrst um sinn þjónustu presta Hallgrímssóknar og prests Nessóknar.

Þess skal getið, að nöfn á bæjarhverfum eru frá Hagstofu Íslands, eins og manntal hvers hverfis er þaðan fengið.

Um 5. gr.

Í samræmi við það, sem hér á undan er sagt, virðist eðlilegt, að kirkjur yrðu í framtíðinni reistar á þessum stöðum:

Stór kirkja á Skólavörðuhæð, minni kirkja í Vesturbænum fyrir Nessókn, en þrjár litlar kirkjur: Á Grímsstaðaholti, á holtinu milli Fossvogs og Soga-mýrar, og á hæðinni upp af Sundlaugavegi.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett í samræmi við erlenda reynslu.

Um 7. gr.

Tilgangur þessarar greinar er sá, að koma í veg fyrir í framtíðinni, að aðrir kaupstaðasöfnuðir komist í sömu vandræði og Reykjavíkursöfnuður á nú við að búa. En sem dæmi þess, hve kröfum frumvarps þessa er stillt í hóf, nægir að nefna stórborg eins og Kaupmannahöfn, þar sem samkvæmt nýjustu skýrslum 4400 manns koma á hvern prest að meðaltali.

Frumvarp þetta og athugasemdir er frá nefnd, sem „Kirkjuráð“ í okt. 1934 gekkst fyrir að kosin væri til þess að vinna að fjölgun presta og kirkna og sóknarskiptingu í Reykjavík.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Báðir prestar dómkirkjusafnaðarins, prófastur Bjarni Jónsson og séra Friðrik Hallgrímsson, Pétur Halldórsson bóksali, cand. theol. Sigfús Sigurhjártarson kennari, og prófessor Sigurður P. Sívertsen, er kjörinn hefir verið formaður nefndarinnar.

Frumvarpið var borið undir síðasta aðalfund dómkirkjusafnaðarins, og mælti hann eindregið með því. Prestastefnan, aðalfundur Prestafélags Íslands, héraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, og Kirkjuráð, hafa einnig á þessu ári lýst einróma fylgi sínu við frumvarpið, og hinn almenni kirkjufundur í sumataldi mjög brýna nauðsyn á fjölgun presta í Reykjavík.